

## **Stjórnarfundur Leiknar: föstudaginn 11. des. 2020**

### **Staður: fjarfundur í Teams**

Mætt: Eyrún, Fjóla María, Guðfinna, Helgi, Ingibjörg og Þór. Eyjólfur kom seinna inn á fundinn.

#### **1. Upplýsingamiðlun á milli símenntunarmiðstöðva**

- a. [Com\(m\)e on-line](#) er Evrópuverkefni sem Guðfinna sagði frá og mælir með, verkefnið fór af stað í nóvember 2020 og er hægt að kynna sér það betur á heimasíðu Starfsmenntar. Fjóla María þekkir til verkefnisins og mælir með því. Gengur út á co-learning - þar sem samstarfsaðilar læra af öðrum.
- b. Learn Cove er annað verkfæri sem hægt er að nýta í upplýsingamiðlun. FRÆ hélt rafrænan kynningarfund um þetta verkefni fyrir nokkru. Fólk er almennt áhugsamt um þetta og verður áhugavert að heyra hvernig þetta gagnast. Eyrún sagði að ASÍ / Félagsmálaskóli Alþýðu er búinn að kaupa Learn Cove og það virki mjög vel. Þetta er fyrsta skólastofnunin sem notar Learn Cove og verður áhugavert að heyra meira um tækið frá Eyrúnu. Helgi segir að Símei ætli að færa sína starfsemi yfir á LC.

#### **2. Könnun Leiknar**

Helgi segir frá og sýnir könnun sem Leikn ætlar að senda frá sér til að athuga hversu vel LEIKN er þekkt. Stjórnarmeðlimir velta fyrir sér markmiði könnunarinnar og hvert eigi að senda hana. Allir eru sammála því að senda hana sem víðast en fyrst þarf að uppfæra hana og finna gott „slogan“ á hana.

#### **3. Annað**

- a. Sam hópurinn:  
Það er verið að kortleggja úrræði fyrir erlenda hjá VMST.  
Umræður um að hið aukna úrræðafé fari til Fræðslusjóðs. Spurning hvernig fræðsluáðilar geti nálgast úrræðaféð.
- b. Helgi er búinn að skrifa fyrstu greinina og er að bíða eftir birtingu.

Fundi slitið kl 13. Næsti fundur er 22. janúar 2021 kl 12:00